



Hafnarfjarðarkaupstaður
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjanesbær, 4. febrúar 2018

Sveitarfélögin Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar ásamt Heklungi – atvinnuþróunarfélagi Suðurnesja, Ferðamálasamtökum Reykjaness, Bláa Lóninu, HS Orku og Keili - miðstöð vísinda fræða og atvinnulífs stofnuðu sjálfseignarstofnunina Reykjanes Geopark árið 2012. Síðar gerðist Þekkingarsetur Suðurnesja aðili að félaginu.

Samkvæmt samþykktum félagsins er tilgangur Reykjanes Geopark að vernda og nýta jarðminjar svæðisins í þágu sjálfbærrar þróunar og eflingu byggðarinnar. Þróuð verði jarðtengd ferðamennska á svæðinu (Geotourism) sem byggir á fræðslu um jarðminjar, samspil manns og nátturu, og útivist. Með öflugum samstarfi atvinnulífs, sveitarfélaga, ríkisvalds og stoðkerfis skal jarðvangurinn vinna að bættum búsetuskilyrðum og sköpun nýrra atvinnutækifæra. Félaginu er ætlað að vera aðili að UNESCO Global Geoparks.

Reykjanes UNESCO Global Geopark vinnur einnig þvert á landamæri og er aðili að stóru alþjóðlegu tengslaneti í gegnum European Geoparks Network og Global Geoparks Network. UNESCO, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna viðurkenndi Reykjanes sem UNESCO Global Geopark árið 2015. UNESCO tekur geoparka að öllu jöfnu út á fjögurra ára fresti. Reykjanes Geopark verður tekinn út sumarið 2019. Í aðdraganda úttektarinnar hefur Reykjanes Geopark möguleika á að stækka um allt að 10% án þess að ný umsókn þurfi að koma til en slíkt ferli mun taka 2-3 ár.

Stjórn Reykjanes Geopark fjallaði um mögulega aðild Hafnarfjarðarkaupstaðar á aðild á fundi sínum 2. febrúar sl. Stjórnin fól Kjartani Mára Kjartanssyni formanni stjórnar og Eggerti Sólberg Jónssyni verkefnastjóra að óska eftir viðræðum við Hafnarfjarðarkaupstað um aðild sveitarfélagsins að Reykjanes Geopark. Í því felst að landssvæði sveitarfélagsins í Krýsuvík verði hluti af Reykjanes Geopark þegar UNESCO tekur svæðið út á árinu 2019. Ósk um viðræður er hér með komið á framfæri.

Kjartan Mára Kjartansson

Kjartan Mára Kjartansson
formaður stjórnar Reykjanes Geopark